



# HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfirði, 22.05. 2017

Málsnr. 1310277

## FRAMKVÆMDALEYFI.

### Umsækjandi:

Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, Ráðhús Hafnarfjarðar, Strandgötu 6, 220 Hafnarfjörður.

### Leyfisveitandi:

Skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðar, kt. 590169-7579, Norðurhellu 2, 221 Hafnarfirði.

### Eftirlitsaðili:

F.h. leyfisveitanda, Ishmael David verkefnastjóri Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar.

### Framkvæmd og leyfi:

Með vísan í neðangreind gögn og 11. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 og umsókn Umhverfis- og framkvæmdaráðs f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar, dags. 01/02 2017, um framkvæmdaleyfi fyrir uppsetningu á rafhleðslustaur fyrir rafmagnsbíla. Um er að ræða staðsetningu á bílastæði við verslunarmiðstöðina Fjörð.

*Leyfi til framkvæmda er veitt eins og þeim er lýst í framkvæmdaleyfisumsókn.*

Ef merki um fornleifar finnast við framkvæmdina, sem áður voru óþekktar, skal eftirlitsaðili framkvæmda stöðva framkvæmdir og greina Minjastofnun Íslands frá fundinum. Ekki má hefja framkvæmdir að nýju fyrr en ákvörðun Minjastofnunar liggar fyrir um hvort verkið megi halda áfram og þá með hvaða skilyrðum.

### Gildistími og gjöld:

Áætlað er að framkvæmdum verði að fullu lokið á árinu 2017. Framkvæmdaleyfi þetta fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan tólf mánaða sbr. 15. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og dags. þessa leyfis.

### Afgreiðsla Hafnarfjarðarbærar:

Afgreiðsla Umhverfis- og framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar þann 17.5.2017 var með eftirfarandi hætti:

„1310277 – Hleðslustaurar fyrir rafmagnsbíla, rafhleðslustöðvar.

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir staðsetningu í samræmi við fyrilliggjandi gögn”.

f.h. Skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar,

Guðrún Guðmundsdóttir, arkitekt/skipulagsfræðingur  
Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar

Framkvæmdaleyfi þetta styðst við m.a eftirtalin gögn: Umsókn, dags. 19.5.2017 og fylgiskjal með umsókn, dags. maí 2017. Deiliskipulag – Hafnarfjörður miðbær, dags. 10.01.2001; Mæliblað v. Fjarðargötu 9 – 19, dags. 06.1995.